

1862.

ekki virðist bera nauðsyn til að skipa annanhvorn af dómendum í yfirdóminum sem settan dómara til að dæma mál þetta, með því ekki getur hjá því farið, að fela megi starfa þenna einhverjum þeim af héraðsdómurinum, sem eigi verður riðinn við mál það, sem hér er um rætt, og úrslit þess eigi snerta hans hag.

**63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um útvísun hússtæðis í Reykjavík.**

Með álitsskjali yðar, herra stiptamtáður, dagsettu 4. þ. m., hafid þér sent dómsmálastjórninni aptur bréf nokkurt frá Wulff verzlunarstjóra í Reykjavík, en í því bréfi ber hann fram umkvörtun sína yfir því, að mæld hefir verið út lóð eptir beiðni Andersens skipstjóra til að byggja á geymsluhús við endann á Aðalstræti, sem svo er kallað, þar í bænum.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það hlutadeigendum, að stjórnarráðið ekki finnur ástæðu til að gjöra breyting á útvísun lóðar þessarar, sem byggingarnefndin hefir úthlutað, og amtmaður lagt á það samþykki sitt.

**64. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, út af fyrirspurn um rétt til kennaraembætta.**

Jón Þorkelsson, settur aðjunkt við lærða skólann í Reykjavík, hefir í bréfi, er hann sendi beina leið til stjórnarráðsins, spurt um, hvort svo beri að álíta, að tilskipun 2. febrúarm. 1849 um þau lærdómspróf, sem veita mönnum hæflegleika til að geta fengið æðri kennaraembætti við hina lærðu skóla, hafi lagagildi á Íslandi, og hvort hann, er hann hafi leyst af hendi embættispróf í málfræði og í því prófi hlotið fyrstu einkunn, geti gjört sér von um, þegar skólameistaraembættið eður yfir-kennaraembættið við greindan skóla kunni að losna, og þau